

Stjórnarfundur FKA #5

Starfsár: 2023-2024

Staður: TEAMS

Dagsetning: 09.11.2023

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Grace Achieng (GA), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Inga Salóme Sigurðardóttir (ISS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdarstjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir (BLS), Dóra Eyland (DE), Erla Björg Eyjólfsdóttir (EBE).

Dagskrá fundar:

12:00-12:10	1	Opnun – einn stuttur hringur (...) Farið hringinn og stjórnarkonur fara yfir sín verkefni.
12.10 – 12.25	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, rekstraráætlun drög (AR) AR fer yfir félagsstarf þar sem margt er í gangi. Hugmynd um hlaðvarp, FKA New Icelanders hafa áhuga á að byrja með FKA hlaðvarp. Skipulagning jólarölsins gengur mjög vel. AR fer yfir fjárhag félagsins sem kemur til með að eiga um 24 milljónir á reikningi um áramótin sem verður nýtt í afmælisár, uppbyggingu o.fl. en einnig er markmið að eiga sjóð. Þetta fjármagn kemur til t.d. vegna fjölmargra liða sem áður var greitt fyrir en skrifstofa fékk frítt eða í formi styrkja s.s. salur, veitingar, tæknaðstoð, útgáfa o.fl. Einnig sparaðist fjármagn í heimsfaraldri. AR sýnir sýnir stjórn bankayfirlit og rekstraráætlun fyrir árið 2024. Fer yfir fjármál Landsbyggðaráðstefnu.
12:25-12:30	3	Framtíð erindi, fundir og niðurstaða færð til bókar og Mentorprógramm (UEA og GG) Stjórn FKA, ásamt framkvæmdarstjóra, fundaði með stjórn FKA framtíðar 12. október 2023. Þar var ákveðið að FKA framtíð fengi aukið fjármagn til að fá inn fleiri yngri konur í félagið. Sameiginleg markmið beggja stjórna er að sýna að FKA sé fjölbreyttur hópur allskonar kvenna þ.m.t. í aldri. Mentorverkefni FKA framtíðar fær áfram viðbótarstyrk frá félaginu.

12:30-12:45	4	Tæknimálin og vefráð (GH + HB) GH fer yfir en mikil vandamál eru með vefsíðuna, þar sem þörf er mikilli vinnu og þörf á að gera nýjan vef. Mörg vandamál þarf að leysa eins og síðuna sjálfa, félagatalið og innheimtu. Vilja fá tækniráð inn í þessa vinnu en 4 félagskonur buðu sig fram í tækniráð. GH og HB halda þessari vinnu áfram.
12:45-13:00	5	Viðurkenningarhátíð – dómarar ákveðnir (AR og AÝJ) AÝJ fer yfir val á dómurum fyrir Viðurkenningarhátíðina 2024. AÝJ verður formaður dómnefndar og verða 6 aðrir valdir í dómnefnd, samtals 7. Stjórn ákveður dómara og verður haft samband við þá í kjölfar fundar. Ölgerðin gefur vinnveitingar og gos fyrir Viðurkenningarhátíðina.
13:00-13:10	6	25 ára FKA 2024 staða á nefnd (UEA + EB) UEA fer yfir. Afmælisnefndin er búin að hittast tvisvar og er fundur framundan með Vífilfell. Nefndin er að leggja línur fyrir árið en ekki er full ákveðið hvort þetta verði einn stór eða fleiri minni viðburðir. Hugmynd kemur frá GH að útbúa “ég er FKA kona” ramma á prófílmmynd á samfélagsmiðlum félagskvenna.
13:10-13:15	7	Stjórn Kvenna í orkumálum, KÍO (UEA) Lovía Árnadóttir sendir stjórn póst. Stjórn áhugasöm um samstarf og ákveðið var að UEA muni hringja í hana og ræða málin.
13:15-13:20	8	Ráð (UEA) UEA fer yfir. GH og HG taka tækniráðið. Enginn bauð sig fram í sum ráðin. ISS skoðar fjármálaráð. Mikilvægt að hafa trúnaðarráð. Umræða um Erindrekaráð og mikilvægi þess, ISS, GA, HBS og AÝJ áhugasamar að vinna í því.
13:20-13:25	9	BARA TALA (GA) GA fer yfir viðburð með BARA TALA sem verður 14. Nóv í Eddunni, húmor og flottir fyrirlesarar.

13:25-13:30	10	Önnur mál a) Viðburðir framundan, viðburðardagatal og dagsetningar eins og Sýnileikadagur 28/2 2024 + Viðurkenningarhátíð 24/1 2024 Búið að afgreiða fyrr á fundinum. b) Suðurnes aðalfundur AR talar um nýju stjórnina og sýnir stjórn. Mjög flottur listi af konum, bæði áframhaldandi stjórnarkonur og nýjar. c) Heimsókn Norður AR segir frá heimsókn á Norðurlandadeild FKA. Mjög skemmtileg heimsókn og flottar konur.
-------------	----	--

Fundi slitið klukkan 13:34

Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir